



Kjör og starfsaðstaða

Kjörnir fulltrúar hjá Hafnarfjarðarkaupstað

Erindisbréf

starfshópur um endurskoðun á starfsumhverfi kjörinna fulltrúa
hjá Hafnarfjarðarbæ.

Hlutverk:


Meginverkefni hópsins er að endurskoða starfsumhverfi kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ samþanber samþykktu tillögu forsetanefndar.

Á fundi forsetanefndar 30. september 2016 var eftirfarandi tillögu nefndarinnar vísað til bæjarráðs:
„Það er sameiginleg tillaga forsetanefndar að hlutfall af þingfararkaupi verði útfært á þann veg að ekki leiði til hækkana sbr. fylgiskjal. Nefndin er sammála um að tenging við þingfararkaup sé í samræmi við nýlegar tillögur og viðmiðunartöflu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Frekari breytingar á launum og starfshlutfalli telur nefndin þurfa að vera í samhengi við endurskoðun á starfsumhverfi kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ. Forsetanefnd leggur til við bæjarráð að settur verði saman starfshópur sem fái það hlutverk.“ Bæjarráð samþykkti tillöguna 6. október 2016.

- Starfshópur skipaður af bæjarráði, þann 1. desember
 - Helga Ingólfssdóttir– D
 - Elva Dögg Ásu– og Kristinsdóttir - VG
 - Margrét Gauja Magnúsdóttir – S
 - Einar Birkir Einarsson- Æ
 - Starfsmaður nefndarinnar var Berglind Guðrún Bergþórsdóttir mannauðsstjóri

Haft til hliðsjónar

- Könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga 2016
- Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum frá Sambandinu
- Gunnar Helgi Kristjánsson um kjör kjörinna fulltrúa
- Fundur með fulltrúum Sambands sveitarfélaga
 - Halldór Halldórsson
- Vinna forsetanefndar
- Samtöl við kjörna fulltrúa og fyrrverandi bæjarstjóra
- Samærilegar reglur og samþykktir frá
 - Hafnarfjarðarbæ
 - Reykjavíkurborg
 - Kópavogi



Reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ

- Þóknun til kjörinna fulltrúa
- Fæðingar- og foreldraorlof
- Lífeyrirsréttindi og tryggingar
- Ferðir innan- og utanlands
- Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Þóknun til kjörinna fulltrúa

- Þóknun bæjarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa fyrir setu í bæjarstjórn og ráðum og nefndum er hlutfall af þingfararkaupi eins og það er hverju sinni.
- Þóknun til kjörinna varamanna í bæjarstjórn, ráðum og nefndum er jafnframt fast hlutfall af þingfararkaupi, fyrir hvern setinn fund.
- Um kjör áheyrnarfulltrúa framboða sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa.

AÐALMENN			
Bæjarfulltrúi	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
Forseti bæjarstjórnar	pr. mán.	39,00%	429.466 kr.
1. varaforseti	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
2. varaforseti	pr. mán.	26,00%	286.310 kr.
Forsetanefnd	pr. mán.	4,00%	44.048 kr.
Formaður bæjarráðs	pr. mán.	22,50%	247.769 kr.
Alm bæjarráðsmaður	pr. mán.	15,00%	165.179 kr.
Formaður ráðs	pr. mán.	18,00%	198.215 kr.
Alm ráðsmaður	pr. mán.	12,00%	132.143 kr.
Form barnaverndarnefnd	pr. mán.	9,00%	99.107 kr.
Alm barnav.fulltrúi	pr. mán.	6,00%	66.072 kr.
Formaður fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr. mán	6,00%	66.072 kr.
Alm nefndarm. fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr. mán	4,00%	44.048 kr.
Formaður B-hluta/hafnarstj.	pr. mán.	13,50%	148.661 kr.
Stjórnarm. B-hluta/hafnarstj.	pr. mán.	9,00%	99.107 kr.
VARAMENN, STJÓRNARMENN, TÍMABUNDNAR NEFNDIR			
Varabæjarfulltrúi, pr. fund	pr. fund	6,00%	66.072 kr.
Varafulltrúi í bæjarráði	pr. fund	5,00%	55.060 kr.
Varafulltrúi í ráði	pr. fund	4,00%	44.048 kr.
Formaður stjórnar	pr. fund	3,00%	33.036 kr.
Fulltrúi í stjórn	pr. fund	2,00%	22.024 kr.
Formaður tímab starfsnefndar	pr. fund	3,00%	33.036 kr.
Fulltrúi í tímab starfsnefnd	pr. fund	2,00%	22.024 kr.

Mat á útgjöldum

Heildar breyting á þóknunum til kjörinna fulltrúa

Viðmiðunarár 2016	Bæjarstjórn, ráð og nefndir	Núv. Tillaga (fyrsti flipinn)	2016 m.v. núv. taxta frá 18.jan '17	2015
	Bæjarstjórn	85.893.132	86.436.733	59.885.991
	Forseti	5.153.588	5.186.204	3.593.159
	Forsetanefnd	2.114.292	2.095.436	1.451.782
	Starfsnefndir	7.763.418	6.155.343	3.753.294
	Varamenn í bæjarstjórn og bæjarráði	3.788.107	2.130.360	1.493.778
	Ráð og fastanefndir aðrar en bæjarráð	108.247.370	106.762.462	73.968.273
	á ári	212.959.908	208.766.538	144.146.277
		4.193.370		68.813.631

2%
48%

- Óvenju margar starfsnefndir voru á vegum Hafnarfjarðarkaupstaðar árið 2016 og því eru útgjöld vegna þeirra öllu að jöfnu lægri en hér er sýnt.
- Varamenn í bæjarstjórn hækka umfram aðra skv þessari tillögu meðan aðrir standa í stað

Stærstu breytingarnar

Varamenn í bæjarstjórn og bæjarráði

Ár	Nefnd	Einingar	Einingarverð	Núv. Tillaga (fyrsti flipinn)	2016 m.v. núv. taxta frá 18.jan '17	2015
1.1.2016-31.12.2016	Bæjarstjórn varamaður	39	66.072	2.576.794	1.362.033	974.076
1.1.2016-31.12.2016	Bæjarráð varamaður	22	55.060	1.211.313	768.327	519.702
á ári				3.788.107	2.130.360	1.493.778
				78%	154%	
				1.657.747	2.294.329	

Fundir í ráðum og fastanefndum

Ár	Nefnd	Einingar	Einingarverð	Núv. Tillaga (fyrsti flipinn)	2016 m.v. núv. taxta frá 18.jan '17	2015
1.1.2016-31.12.2016	Formenn ráða og nefnda	184	-	29.401.880	29.231.332	20.252.353
1.1.2016-31.12.2016	Almennir ráðsmenn og nefndarmenn	680	-	78.845.490	77.531.130	53.715.919
á ári				108.247.370	106.762.462	73.968.273
				1%	46%	
				1.484.908	34.279.098	

Tímabundin starfsnefnd

Ár	Nefnd	Einingar	Einingarverð	Núv. Tillaga (fyrsti flipinn)	2016 m.v. núv. taxta frá 18.jan '17	2015
1.1.2016-31.12.2016	Starfsnefnd formaður	63	33.036	2.081.257	1.650.156	1.006.110
1.1.2016-31.12.2016	Starfsnefndarmaður	258	22.024	5.682.161	4.505.187	2.747.184
á ári				7.763.418	6.155.343	3.753.294
				26%	107%	
				1.608.075	4.010.124	

Fæðingar- og foreldraorlof

- Um rétt kjörinna fulltrúa sbr. 1. gr. til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.
- Á meðan á orlofinu stendur fær kjörinn fulltrúi launagreiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

- Hafnarfjarðarkaupstaður heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.
- Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 8% mótframlagi Hafnarfjarðarkaupstaðar eða stofnanna hans.
- Um viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslur fer einnig samkvæmt ofangreindum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Mótframlag bæjarins er 2% en framlag bæjarfulltrúa getur verið allt að 4%.
- Bæjarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi.
- Óski bæjarfulltrúi eftir því greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður iðgjald til stéttarfélags og dregst iðgjaldið frá þóknun bæjarfulltrúans

Ferðir innan- og utanlands

- Bæjarfulltrúar greiða sjálfir ferðakostnað og annan starfskostnað vegna starfa sinna í bæjarstjórn innan höfuðborgarsvæðisins.
- Um ferðaheimildir og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar vegna ferða bæjarfulltrúa utan- og innanlands gilda sömu reglur og gagnvart starfsmönnum bæjarins.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

- Bæjarfulltrúar hafa aðgang að sameiginlegri vinnustöð og fundaraðstöðu í ráðhúsi með viðeigandi búnaði.
- Hafnarfjarðarkaupstaður leggur hverjum bæjarfulltrúa til tölvu ásamt farsíma til eigin afnota í upphafi kjörtímabils skv. viðhlítandi reglum sem gilda fyrir starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Breytingar á samþykktum vegna fundartíma bæjarstjórnar

- Lagt verður til að fundartími bæjarstjórnar færist frá kl 14:00 til 17:00 sama dag (annan hvern miðvikudag)
- Samhliða breytingum á reglum um starfskjör kjörinna fulltrúa er lagt til að gerðar verði breytingar á samþykktum bæjarins þess efnis.